

Framfarafundur, 17. maí 2016, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík

==Dagskrá fundar==

- 1) Borgarfulltrúar gera grein fyrir störfum sínum
- 2) Kjörnir fulltrúar á Alþingi gera grein fyrir störfum sínum
- 3) Framkvæmdaráð gerir grein fyrir störfum sínum
- 4) Önnur mál

==Kosning fundarstjóra og ritara==

Jónas Ingólfur Lövdal tilnefndur sem fundarstjóri. Engin mótmæli.

Jónas Ingólfur verður fundarstjóri.

Olga Margrét Cilia býður sig fram sem ritara. Engin mótmæli.

Olga Margrét Cilia verður ritari

==Borgarfulltrúar gera grein fyrir störfum sínum==

Pórgnýr Thoroddsen varaborgarfulltrúi mætir og segir frá störfum Pírata í borgarstjórn Reykjavíkur.

Betri Reykjavík er komin aftur í gagnið.

Betri hverfi og Betri Reykjavíku eru tvö mismunandi kerfi.

Betri hverfi nú undir Betri Reykjavík. Nú er verið að safna hugmyndum fyrir kosningar fyrir hverfakosningarnar. Hverfakosningarnar eru einn fitus undir betri Reykjavík. Búið að hækka pottinn upp úr 300 milljónum í 450 milljónir. Búið að lenga ferlið þannig að meiri tími gefist til að vinna hugmyndirnar vel áður en þær fara í kosningarnar.

Samþykkt í stjórnkerfisstjórn að stofna rafrænt þjónustuver undir rekstri. Rafræna þjónustuverið á að auka getu fólks til að þjónusta sér sjálf. Þegar búið er að gera fjárhagsáætlun þá fer þetta inn á fund til samþykktar eða synjunar.

Opna bókhaldið. Búið að skrifa minnisblað og staðan er sú að það hefur gengið erfiðlega að ráða verkefnastjóra fyrir verkefnið. Þarf að sjá til þess að einingar innan borgarinnar þurfa að opna fyrir sitt bókhald.

Svo koma spurningar úr sal.

==Kjörnir fulltrúar á Alþingi gera grein fyrir störfum sínum==

Helgi Hrafn Gunnarsson þingmaður Pírata er með framsögu

Opnat. Þetta er komið í gegn og lögbundið hlutverk ríkisins er að koma þessu á.

Stjórnartíðindi og Lögbirtingarblaðið. Reglugerðir eiga að vera uppfærðar þannig að þú getur séð hvaða reglugerð er í gildi í augnablikinu.

Virðisaukaskattur. Svar okkar til að fjármagana þjóðaratkvæðagreiðslur. Skattur á veiðileyfi. Svar við því hvaðan við viljum fá peninga fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu.

Auðkenni breytingartilaga. Til þess að gera breytingartillögur séu auðskiljanlegar þannig að það sjáist hverju er verið að breyta. Eins og staðan er núna getur verið erfitt að átta sig á hverju er verið að breyta.

Tölvutækt snið þingskjala. Á að gera þingskjöl þannig að gögn þeirra séu stöðluð og hægt að lesa í tölvutæku formi. Þannig yrði hægt að gera hugbúnað til að leyfa fólki að fylgjast betur með frumvörpum, breytingum þar á og sjá almennt hvað er í gangi.

24. febrúar sl var lagt fram breytingar á þingsköpum Alþingis að opna nefndarfundi. Það hafa verið opnir fundir í fjárlaganefnd.

Lög um helgidagafrið. Þetta er ekki verkalýðsmál og snýst bara um það sem borgurum er bannað á þessum dögum. Helgidagarnir eru enn þá frídagar en eru í þeim lögum sem banna að það sé unnið á þessum dögum.

Sjálfkrafa skráning barna í trúfélög, við viljum hætta því.

Varðandi hagsmunaskráningu, viljum koma því á hreint.

Mál sem við erum að bregðast við núna:

- *Útlendingalög eru til umræðu. Í heildina gott. Erfitt fyrir fólk utan EES að komast til landsins.
- *Til umræðu að setja á laggirnar millidómsstig. Í umræðu að setja á laggirnar landsrétt sem verður millistig.
- *Handtaka og afhending manna til og frá Íslandi á grundvelli handtökuskipunar
- *Meðferð sakamála
- *skilyrðu fyrir beitingu símhlustunar
- Hlerunardeiðir eru allflestar samþykktar á Íslandi. Lítið aðhald við þetta á Íslandi. Nýja frumvarpið felur í sér að lækka refsiramma fyrir því að nýta heimildina og að einka- og almannhagsmunir verða að vera til staðar.
- *eftirlit með lögreglu
- Kemur frá innanríkisráðherra og farið var í starf til að meta þörfina á þessu. Miklu minna en við viljum en þetta á samt eftir að bæta hlutina.

- *menntun lögreglunnar.
-

Spurningar úr sal

==Framkvæmdaráð gerir grein fyrir störfum sínum==

Erna Ýr Öldudóttir sagði sig frá störfum framkvæmdaráðs. Við þökkum henni fyrir samstarfið.

Ný samþykkt félög

- Pírata á Seltjarnarnesi
- Píratar í Suðvesturkjördæmi
- Píratar á Austurlandi
- Píratar í Suðurkjördæmi

Bjartur Thorlacius skipaður í trúnaðarráð í stað Finns Gunnþórssonar

Innanhúsnefnd stofnuð af frumkvæði Jónasar Lövdal. Sér um að gera Tortuga meira aðlaðandi og sjá til að nauðsynjar séu til staðar

Verkferlanefnd stofnuð sem ætlar að skila af sér fyrir aðalfund.

Jónas Ingólfur Lövdal er orðinn hlutlaus fundarstjóri framkvæmdaráðs.

Píratar á Austurlandi orðið aðildarfélag

Þar sem kosningar gætu orðið í haust var ákveðið að flýta aðalfundi fram í júní. Hann verður 11.-12. júní

Félagatal er nú tengt við þjóðskrá. Sveitarfélagsupplýsingar komnar fyrir alla.

Stofnfundur Pírata 60+ 28. maí

Stofnfundur hinsegin Pírata laugardaginn 25 júní kl 14:00

Staða á starfsmannamálum. Búið að ráða framkvæmdastjóra Pírata. Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir varð fyrir valinu.